

1. Fundur hjá stýrihóp um Heilsueflandi samfélagið Hrunamannahreppur.

Fundur haldinn í Huppusal þriðjudaginn 19.febrúar 2019 kl 16.

Mættir: Gunnar Gunnarsson, Núi Mar Jónsson, Heimir Sigurðsson, Sigfríð Lárusdóttir, Halldór Guðnason, Guðríður Eva Þórarinsdóttir og Halldóra Hjörleifsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Stýrihópurinn var skipaður á fundi sveitarstjórnar þann 7.febrúar sl.

Í hópinn voru skipaðir fyrir hönd Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar, Guðríður Eva Þórarinsdóttir, Heimir Sigurðsson og Sigfríð Lárusdóttir og til vara Bogi Pétur Eiríksson, Elma Jóhannsdóttir og Hrund Pálsdóttir. Fyrir hönd ungmennaráðs Hrunamannahrepps er skipaður Núi Mar Jónsson og til vara Mathias Bragi Ölvisson. Fyrir hönd öldungarráðs Hrunamannahrepps Halldór Guðnason og til vara Anna Ipsen. Fyrir hönd sveitarstjórnar er skipuð Halldóra Hjörleifsdóttir og til vara Sigurður Sigurjónsson. Með hópnum starfar og stjórnar honum starfsmaður verkefnisins Gunnar Gunnarsson.

Gunnar setti fundinn og byrjaði á því að kynna sig að því loknu var farið yfir það sem nefndir og ráð eru að vinna er tengist verkefninu.

Guðríður fór yfir störf Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar, Núi Mar fór yfir starf Ungmennaráðs, Halldór fór yfir starf öldungaráðs og Halldóra kynnti hugmyndir sem tengjast inná starfssvið stýrihópsins.

Gunnar kynnti verkefnið og hver staðan á því er í dag og hver næstu skref eru.

Kynna þarf verkefnið fyrir félögum og stofnunum innan sveitarfélagsins til að ná sem flestum til að taka þátt í verkefninu. Nauðsynlegt er að miða að því að heilsa fari í allar stefnur og aðgerðir og að holla valið verði auðvelda valið.

Samþykkt að skipta verkefninu upp þannig að lagt verði áherslu á eftirfarandi þætt.

2019-2020 Hreyfing

2020-2021: Næring

2021-2022: Geðrækt, líðan og félagsleg virkni

2022-2023: Lífstíll og sjálfbærni.

Samþykkt að stýrihópurinn muni funda að lágmarki einu sinni í mánuðir til að undirbúa verkefnið og vinna að framkvæmd þess.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 17:30